

# Í SAMBANDI

FRÉTTABRÉF JOHAN RÖNNING SEPTEMBER 2007



## MEDAL EFNIS:

- Aukið ljósaúrval
- Fjölsviðsmælar
- SART fréttir
- Geislahitarar
- Ampertangir



# SEPTEMBER



JOHAN  
RÖNNING

# DIGITAL FJÖLSVIÐSMÆLAR

## BENNING MM1-1 OG MM1-2

Digital fjölsviðsmælar með spennuskynjun. Ný fjölsviðs-mælalína með spennuskynjun án snertingar við fasa.

- Innbyggður spennuskynjari sýnir fasaspennu með hljóðmerki, díóðu og LED-ljósi.
- Staðsetur og finnur kapalskemmdir og ónýtar perur í seríum o.fl.
- Mælarnir hafa öll mæligildi, ásamt hitamælingu og eru í nettu og vönduðu húsi.



## BENNING PC-WIN MM 10

Hugbúnaður til skráningar og skoðunar.

- Hugbúnaður til aflestrar og skráningar af mæligildum.
- Sýnir mæligildi í ferlum og töflum.
- Vinnsluhraði er frá 0,5 sek - 10 mín.
- Geymir mæligildi sem skrár.
- USB-tengi.

# STAFRÆNAR AMPERTANGIR MEÐ FJÖLSVIÐSMÆLUM

## BENNING CM 1-1 CM 1-2

Stafræn ampertöng með AC-fjölsviðmæli.

Ný tækni, notendavæn hönnun.

- Riðstraumsmæling upp að 400A AC.
- Mælir spennu, straum og viðnám með hljóðmerki og díóðu testi.
- Auðveldar bilanaleit í strengjum, lömpum, spólum og öðrum rafbúnaði.



## BENNING CM 5

Stafræn ampertöng og fjölsviðsmælir í hæsta gæðaflokki. Öruggur við allar aðstæður.

- Fjölhæfur og sterkur mælir með TRUE RMS mælingu.
- Riðstraums- og jafnstraumsmæling upp að 1000A AC/DC.
- Hæsti mælaflokkur CAT 1V 600V.
- LC skjár og baklýsing.



## BENNING TA 4

Segulhaldari fyrir fjölsviðsmæla.

- Segulhaldari.
- Haldari og belti fyrir mælitæki.



## DUSPOL MÆLAR

### DUPOL SPENNUMÆLAR

Framleiðsla í hæsta gæðaflokki.

- Titringur í mæli við spennunálgun.
- Hljóðmerki, LED eða LCD.
- Nákvæm framsetning á mæligildum.



## Nýr starfsmaður

Óskar Gústavsson hefur verið ráðinn í sölustýringu hjá Johan Rönning hf í Reykjavík. Hann lauk sveinsprófi í rafvirkjun og starfaði um tíma hjá Rafvirkjapjónustunni og Alcan í Straumsvík. Hann útskrifaðist sem tækni-fræðingur frá OT í Danmörku og hefur undanfarin 13 ár starfað í tæknideild Smith & Norland.



Óskar Gústavsson

Aðspurður sagðist Óskar vera fullur tilhlökkunar að takast á við þau verkefni sem framundan eru. Hjá Johan Rönning starfaði kraftmikið fólk, sér litist vel á það sem gert hafi verið undanfarin ár og sig langaði að leggja sitt af mörkum.

Óskar er í sambúð með Stefaníu Baldursdóttur og eiga þau tvö börn. Áhugamálin eru einkum í útivist og ýmisskonar fjallabrótt, en undanfarið hefur hann einnig verið að fíkta við golfkylfuna með æði misjöfnum árangri.

## Aðalfundur FLR

Aðalfundur Félags löggiltra rafverktaka verður haldinn á Hótel Nordica föstudaginn 21. september kl. 16.30.

## Rafiðnaðarskólinn – haust 2007

Námsvísir Rafiðnaðarskólans fyrir haustönn kemur nú út með svipuðu sniði og áður. Framboð fagnámskeiða er með hefðbundnum hætti. Nokkur námskeið hafa verið endurnýjuð og önnur eru í undirbúningi. Áfram verður boðið upp á svonefnd STUTT námskeið þar sem lengd og tímasetning er breytileg. Lögð verður áhersla á samvinnu við fyrirtæki tengd rafiðnaðinum um sérhæfð námskeið og kynningar. Rafiðnaðarmenn eru hvattir til að fylgjast með heimasíðu skólans en þar koma jafn- óðum fram breytingar og nýjungar sem verða á starfseminni á önninni. Rafiðnaðarmenn eru ætíð velkomnir í heimsókn í skólann til að leita upplýsinga eða koma með ábendingar um nýtt námsefni eða annað sem betur mætti fara í starfsemi Rafiðnaðarskólans.

### Fyrirlestrarkvöld

Hin mánaðarlegu fyrirlestrarkvöld halda áfram á komandi önn. Fyrirlestrarnir eru haldnir á miðvikudagskvöldum milli klukkan 20.00 og 22.00 seinni hluta mánaðar. Nákvæm dagsetning fyrirlestranna liggur ekki fyrir, en þær verða auglýstar á heimasíðu skólans [www.raf.is](http://www.raf.is) strax og þær eru ákveðnar og kynntar með tölvupósti til þeirra sem eru á póstlista skólans.

### Námskeið fyrir starfsmenn raforkufyrirtækja

Rafiðnaðarskólinn býður upp á námskeið ætluð starfsmönnum raforkufyrirtækja, má þar nefna námskeið fyrir rofastjóra, námskeið um jarðskaut og jarðskautsmælingar og námskeið fyrir kunnáttumenn. Námskeiðin verða tímasett í samvinnu við orkufyrirtækin.

### ÍST EN 200:2006 raflagnastaðallinn

Breytingar á reglugerð um raforkuvirki eru nú í umsagnarferli. Þær munu leiða til þess að ÍST EN 200:2006 fær reglugerðarígildi. Þegar þar hafa verið samþykktar mun Rafiðnaðarskólinn bjóða upp á námskeið um staðalinn.

## 80 ára afmæli FLR

Þann 29. mars sl. varð Félag löggiltra rafverktaka 80 ára. Í tilefni þess býður félagið félagsmönnum sínum og mökum þeirra til afmælishátíðar á Hótel Nordica föstudaginn 21. september milli kl. 18.00 og 20.00. Stjórn FLR hvetur félagsmenn og maka þeirra til þess að koma og samgledjast í tilefni þessara merku tímamóta og þiggja veitingar.

# Stóraukið úrval af ljósum hjá Rönning

## Stórkostlegt úrval af LED ljósum

Falleg ljós sem rat- eða skrautlýsing til innfellingar í vegg.  
Skemmtileg stemningslýsing með þéttleika IP 65 á frábæru verði.  
Feiknarlegu öflug jarðljós IP65 og IK09 á glimrandi verði.  
Einnig IP44 LED augu.


## Kúplar

Aukið úrval af kúplum bæði sparperu og glóperu.  
Mjög fallegir og vandaðir glerkúplar með mattri opal-áferð  
í mismunandi stærðum allt frá Ø 260 mm til Ø 420 mm IP 40.  
Einnig fer ört stækkandi úrval okkar í IP 44 og IP54 kúplum.

## Innfeld ljós

Frábær lína í innfeldum halogen ljósum, ferköntuð og hringlaga.  
Einnig IP65 innfellt 230V 50W halogen ljós með mattri krómáferð.  
Stærð Ø100 mm gatamál Ø90 mm.

Vinnuljós og kastarar fyrir allar aðstæður.



*Veittu yl..*



*..með geislahitara  
frá RÖNNING*



**REYKJAVÍK**  
Sundaborg 15  
Sími 5 200 800

**SELFOSS**  
Eyrarvegur 67  
Sími 4 800 600

**AKUREYRI**  
Óseyri 2  
Sími 4 600 800

**REYÐARFJÖRÐUR**  
Nesbraut 9  
Sími 4 702 020

**REYKJANESBÆR**  
Hafnargata 52  
Sími 4 207 200